



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Alþingi

b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Borgarnesi 22.03 2018

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar, 169 mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar, sem lögð er fram á Alþingi af Bjarna Jónssyni þingmanni.

Almennt um tillöguna

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fagna því að lögð er fram tillaga um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarveggar. Í samgönguáætlun fyrir Vesturland sem samþykkt var af öllum sveitarfélögum landshlutans er lögð rík áherslu á uppbyggingu vegarins um Skógarströnd. Í áætluninni segir „Brynt er að hefja framkvæmdir við veginn um Skógarströnd, einkum lagningu bundins slitlags þar sem undirbyggingu er lokið. Mikilvægt er að hefja framkvæmdir árið 2017, hönnun endurbóta hans og gerð tímasettrar verkáætlunar framkvæmda.“ Af þessu má sjá að sveitarstjórnir á Vesturlandi vilja hraða framkvæmdum, en stórukin umferð ferðmanna um veginn og há slysatíðni þrýsta á um að framkvæmdum verði flýtt eins og kostur er.

Vegurinn um Skógarströnd hefur mikla þýðingu fyrir íbúa á svæðinu sem um áratugaskeið hafa búið við laka malarvegi. Víða á svæðinu er stundaður landsbúnaður og ferðapjónusta vex hratt. Með bættum samgöngum skapast ýmis tækifæri varðandi samstarf Dalamanna og Snæfellinga, auk þess Dalabyggð myndi njóta góðs af þeim gríðarlega fjölda ferðamanna sem leggur leið sína um Snæfellsnes og skemmtileg hringleið opnast. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka því heilshugar undir tillöguna og áréttu mikilvægi þess að hagkvæmnisathugun, hönnun endurbóta, kostnaðar- og verkáætlun liggja fyrir haustið 2018.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar SSV

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV